

18. febrúar 2021



Kynning – Drög að frumvarpi til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002



Ráðstefna um snemmtæka íhlutun.
Viljayfirlýsing fimm ráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélga.
Þingmannanefnd um málefni barna.
Stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna

Undirbúningur og samráð

Vinna við frumvörp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála
Frumvarpsdrög kynnt í forsamráði og samráðsgátt stjórnvalda.
Frumvörp eru nú til meðferðar hjá Alþingi.

Fyrri hluti þingmála FRN

Frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum
Frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð
Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum.

Síðari hluti þingmála FRN

Undirbúningur gildistöku og innleiðing.
Gildistaka 1. janúar 2022 (vor 2022)

Innleiðing og gildistaka

Undirbúningur og samráð (frh.)

Hliðarhópar
Ráðstefnan Breytingar í þágu barna í Hörpu.
Starfshópur til að móta framtíðarsýn og stefnu í barnavernd til ársins 2030.

Undirbúningur barnaverndarlaga

Starfshópur um framtíðarskipulag barnaverndarþjónustu sveitarfélaga
Skýrsla þingmannanefndar um málefni barna
Samráðsgátt stjórnvalda

Þingmál (önnur ráðuneyti)

Aðlögun löggjafar á málefnasviði annarra ráðuneyta en FRN



Framtíðarhópur, Þingmannanefnd, ráðstefnur, vinna hliðarhópa o.s.frv.

Hluti af stærra samráði um breytingar í þágu barna.

Margvíslegar ábendingar og athugasemdir varðandi framkvæmd barnaverndarlaga o.s.frv.

Starfshópur um framtíðarskipulag barnaverndarþjónustu sveitarfélaga

Samráðsfundur um fyrirhugaðar breytingar á barnaverndarlögum 17. september 2020.

Fulltrúar FRN, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu.

Niðurstaða starfshópsins 16. október 2020.

Samráð um drög að frumvarpi til laga um breytingar á barnaverndarlögum

Frumvarpið er í samráðsgátt til 24. febrúar nk.

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2908](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2908)



Fyrri áfangi heildarendurskoðunar

- Skýrt ákall úr samráði að fram fari heildarendurskoðun barnaverndarlaga.
- Áform um heildarendurskoðun kynnt á ráðstefnunni Breytingar í þágu barna í október 2019.
- Undirbúningur leiddi í ljós að verkefnið er umfangsmikið.
- Lagt til í áfangaskýrslu þingmannanefndar um málefni barna að skipta endurskoðun í tvennt. Í fyrri hluta lögð áhersla á breytingar á stjórnsýslu barnaverndar, nýjar stofnanir og samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.



Áform um breytingar á uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitarfélaga



Fagþekking í barnavernd

Meginmarkmið breytinganna er að auka fagþekkingu í barnavernd.

Barnaverndarnefndir lagðar af

Fagleg sjónarmið eiga að ráða því hverjir veljast til ákvarðanatöku í barnavernd.

Stækkun barnaverndarumdæma

Til að viðhalda fagþekkingu í barnavernd þarf lágmarksfjölda mála og starfsmanna.



Sambætting þjónustu

Ýmis ákvæði í frumvarpinu sem fjalla um sambættingu barnaverndarþjónustu við aðra þjónustu í þágu farsældar barna.

Stafrænar lausnir

Ákvæði í frumvarpinu sem miða að því að styrkja sameiginlega stafræna vinnslu og auðvelda upplýsingamiðlun milli barnaverndarumdæma.

Þátttaka barna

Ákvæði í frumvarpinu sem er ætlað að efla þátttöku barna við meðferð barnaverndarmála.

Aðrar brýnar breytingar

Í frumvarpinu eru ákvæði sem fjalla m.a. um úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum, mál vegna brottvikningar heimilismanns og nálgunarbanns og úrræði vegna ófæddra barna.



Barnavernd á vettvangi sveitarfélaga

Sveitarfélög bera áfram meginábyrgð á barnavernd samkvæmt barnaverndarlögum.

Meginþungi verkefna barnaverndarnefnda verða falin nýrri **barnaverndarþjónustu** sem ber ábyrgð á verkefnum og ákvörðunum samkvæmt barnaverndarlögum sem ekki eru sérstaklega falin öðrum.

Tilteknar ráðstafanir barnaverndarþjónustu krefjast úrskurðar **umdæmisráðs barnaverndar**.



Barnaverndarþjónusta

Útfærsla í frumvarpinu:

- Skal hafa yfir að ráða nægri fagþekkingu til að geta sinnt verkefnum bvl.
- Sveitarstjórn eða fastanefnd fer með með stefnumótun, fjárhag o.fl. en getur ekki gefið barnaverndarþjónustu fyriræli um meðferð mála.
- Ákvörðunarvald barnaverndarþjónustu rýmra en vald sem barnaverndarnefnd er heimilt að framselja starfsmönnum skv. gildandi bvl.



Umdæmisráð barnaverndar

Útfærsla í frumvarpinu:

- Sveitarstjórn ber ábyrgð á að skipa umdæmisráð til fimm ára í senn.
- Félagsráðgjafi, lögfræðingur (formaður) og sálfræðingur.
 - Þurfa ekki að vera með lögheimili í sveitarfélagi.
 - Mega ekki vera starfsmenn viðkomandi barnaverndarþjónustu.
 - Sömu einstaklingar geta setið í mörgum umdæmisráðum.



Verkefni umdæmisráðs barnaverndar

Umdæmisráð tekur eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði:

1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr.
2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr.
3. Heimild barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að 12 mánuði, sbr. 28. gr.
4. Heimild barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjársviptingu, sbr. 29. gr.
5. Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81 gr.



Stærð umdæma og samvinna sveitarfélaga

Forsendur : Lágmark fyrir fagþekkingu í barnavernd að hvert umdæmi afgreiði 150 barnaverndarmál á ári og að þar séu tveir starfsmenn í fullu starfi.

Útfærsla í frumvarpinu:

- Miðað við í það minnsta 6000 íbúa að baki hverri barnaverndarþjónustu en heimilt að veita undanþágu ef sýnt er fram á lágmarks fagþekkingu. Samvinna samkvæmt sveitarstjórnarlögum.
- Miðað við í það minnsta 6000 íbúa að baki hverju umdæmisráði barnaverndar. Samvinna samkvæmt sérstökum samstarfssamningum.



Framhaldið

- Unnið úr samráði með það að markmiði að fyrri hluti heildarendurskoðunar barnaverndarlaga verði að lögum á yfirstandandi löggjafarþingi.
- Unnið að síðari hluta heildarendurskoðunar barnaverndarlaga
 - Úrræði í barnavernd
 - Hlutverk ríkis og sveitarfélaga



Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið